

## Ungmennafélag Íslands

# Hvatningarverðlaun UMFÍ

---

11. október 2019, 51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka í Miðfirði.

**UMSK** – veitt verðlaun fyrir reiðskóla Hestamannfélagsins Harðar fyrir fatlaða og fólk með þroskahömlun.

**USAH** – veitt verðlaun fyrir frumkvöðlastarf og verkefni fyrir eldri borgara.

**HSH** – veitt verðlaun fyrir að stuðla að auknu samstarfi á meðal aðildarfélaganna og fyrir að ná vel til barna af erlendum uppruna.

20. október 2018, 42. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn á Ísafirði.

**UMSK** – veitt verðlaun fyrir nýsköpun og nýjungar í starfi m.a. fyrir innleiðingu og kynningu á nýrri íþróttagrein á Íslandi; biathlon, útbreiðslu pannavalla meðal aðildarfélaganna, skólamót í blaki og samvinnuverkefni innan UMSK varðandi hreyfingu eldri borgara. Þá hefur sambandi stuðlað að auknu samstarfi innan sambandsins m.a. með kynningar- og fræðsluferð til Englands.

15. október 2017, 50. sambandsþing UMFÍ haldið í Hallormsstað.

**HSV** – veitt verðlaun fyrir körfuboltabúðir Vestra. Búðirnar eru einstakar á landsvísu þar sem hvergi eru í boði búðir sem bjóða jafn mikla þjálfun ásamt bæði mötuneyti og gistingu fyrir þátttakendur. Slíkar búðir eru hinsvegar starfræktar víða erlendis og þykja Vestrabúðirnar standast samanburð við þær bestu.

15. október 2016, 40. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn að Laugum í Sælingsdal.

**Frjálsíþróttaráð HSK** - starfsemi ráðsins hefur verið öflug undanfarin ár og þar ber fyrst að nefna að ráðið heldur árlega átta héraðsmót innan- og utanhúss og hefur þátttaka verið góð.

17. október 2015, 49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal.

**HSH, HSS, HHF, USK, UMFK, UMSB OG UDN** – veitt verðlaun fyrir öflugt og metnaðarfullt íþróttá- og ungmennafélagsstarf í tengslum við samstarfsverkefnið SamVest.

13. október 2013, 48. sambandsþing UMFÍ haldið í Stykkishólmi

**HSP** – veitt verðlaun fyrir kröftugt og metnaðarfullt starf á sviði íþróttá- og æskulýðsmála á sambandssvæðinu í kjölfarið á sameiningu HSP og UNP.

16. október 2011, 47. sambandsþing UMFÍ haldið á Akureyri

**HSV** - veitt verðlaun fyrir nýjungar í starfi og öflugt samstarf við sveitarfélagið.

16. október 2010, 37. sambandsráðsfundi UMFÍ haldinn á Egilsstöðum

**UMSE** - veitt verðlaunin fyrir framúrskarandi uppbyggingarstarf.

11. október 2009, 46. sambandsþingi UMFÍ haldið í Reykjanesbæ  
**UÍA** - veitt verðlaunin fyrir framúrskarandi uppbyggingarstarf.

11. október 2008, 36. sambandsráðsfundi UMFÍ haldinn í Stykkishólmi:  
**HSP** veitt verðlaunin fyrir að koma á fót aksturssjóði HSP.

21. október 2007, 45. sambandsþing UMFÍ haldið á Þingvöllum  
**Héraðssambandið Skarphéðinn** – fyrir framúrskarandi starf að kynningarmálum.

27. október 2006, 35. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn á Flúðum:  
**Umf. Skipaskagi** – fyrir framúrskarandi uppbyggingarstarf á sviði íþróttá- og ungmennafélagsmála.  
**Keflavík íþróttá- og ungmennafélag** – fyrir öflugt og metnaðarfullt íþróttá- og ungmennafélagsstarf á breiðum grunni.

23. október 2005, 44. sambandsþingi UMFÍ á Egilsstöðum:  
**HSV** - veitt verðlaunin fyrir velheppnað átak í auknu félagsstarfi tengdu getraunastarfi.  
Framganga HSV er til fyrirmyndar og ætti að vera öðrum sambandsaðilum hvatning til að nýta þá möguleika sem í getraunastarfi felast.